

7. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 25. nóvember 2014, kl. 19:30

Mætt voru Arnar Ólafsson, formaður, Einar Ólafsson, varaformaður, Kristín Ívarsdóttir, ritari, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri, Kristinn Arason, meðstjórnandi, Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri móta- og fræðslumála, Anton Þórólfsson, varaformaður tækninefndar áhaldafimleika karla og Sæunn Viggósdóttir, nefndarmaður tækninefndar Fimleika fyrir alla.

1. Frá TKV – Erindi til FSÍ_Ragna Þyrí

Halla Karí er hætt í Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum, TKV kom með tillögu um Rögnu Þyrí í hennar stað.

Stjórn tekur Rögnu Þyrí fagnandi, tillagan er þar af leiðandi samþykkt.

2. Frá TKV og TK – Svar til FSÍ

Stjórn bað tækninefndir um að tilgreina fleiri aðila til fimleikakonu og fimleikakarlar ársins. Tækninefnd karla og kvenna í áhaldafimleikum neitaði s.s. að gera það.

Stjórn vill breyta fyrirkomulaginu, þannig að hægt sé að tilkynna 2. – 3. sæti líka. Skv. TK var þetta misskilningur þar sem tækninefndir töldu að þetta væri eingöngu til þess gert að valið stæði um fleiri en einn aðila, þ.e. ekki að þetta væri til þess gert að tilkynna einnig 2. – 3. sæti.

Í framhaldinu verður þetta þannig að óskað verði eftir 1. – 3. sæti og ítarlegri greinargerð með hverjum og einum, verður að rökstyðja vel.

3. Frá skrifstofu – Tillaga að útreikningum sektargreiðslna

Árið 2012 ákvað þing að ekki væri hægt að afskrá 2 vikum fyrir mót (fyrir utan slys og veikindi). 4 vikum fyrir mót lýkur skráningu í dag og við erum bæði að fá mikið af afskráningum og félög eru að skila inn dómurum of seint. Ósanngjarnt gagnvart keppendum að ekki séu nægjanlega margir dómarmenningar o.s.frv.

Lausnin við þessu er tillaga skrifstofu að sektargreiðslum (tillaga afhent fundarmönnum).

Skráningu lýkur 4 vikum fyrir mót, ef skráning kemur á þriðjudegi eða miðvikudegi þá ertu í flokki 1 en ef eftir viku þá flokkur 2.

Bæta þarf við klausu um að skipulagi verði ekki breytt, það sé á ábyrgð félagsins að bjarga hlutunum, þ.e. ef félag skilaði dómara sem ekki getur svo dæmt. Ef félag skráir D dómara sem hættir við að dæma og sá dómari hættir við eftir að skráningarfresti lýkur þá þarf félagið að skila inn sambærilegum dómara, þ.e. D dómara.

Stjórn fer fram á að þessu verði bætt við tillögunu og að tekið verði tillit til þeirra athugasemda sem upp komu á fundinum. Þegar laqfæringar hafa verið gerðar þá verður þetta tekið fyrir aftur.

4. Frá skrifstofu – Kaup á stimpilklukku

Í dag er engin stimpilklukka notuð á skrifstofu FSÍ. Starfsmenn vinna mikla yfirvinnu en hvergi eru til gögn um það. Þetta þarf að bæta og því var óskað eftir tilboði í stimpilklukku sem heitir Tímon. Stjórn er jákvæð fyrir þessu.

Bent var á ókeypis stimpilklukku sem heitir Toggl sem er bæði til í appi og á heimasíðu.

Frábærar fréttir, FSÍ ætlar að prófa þetta þessa stimpilklukku áður en farið verður út í kaup á annarri.

5. Frá skrifstofu – Haustmót á Selfossi, óánægja foreldris

Haustmótið hefur stækkað og á sínum tíma var deildarkeppni góð hugmynd, þælingar út frá KKÍ og HSÍ. Þetta fyrirkomulag var fyrst tekið í notkun árið 2013.

Eins og fyrirkomulagið er í dag þá eru þeir sem lenda í 8. sæti að fá gullmedalíu, þar sem að þá er búið að skipta upp í B deild. Þeir sem voru í 4. - 7. sæti og þar af leiðandi í A deild fengu ekki verðlaun.

Tillaga lögð fram um að Haustmót sé tourneringarmót og þar af leiðandi verði ekki veitt nein verðlaun.

Skrifstofa skrifar bréf um lausn á þessu máli, með stjórn í cc þar sem rökstuðningur kemur fram um að þetta verði ekki svona áfram.

6. Frá skrifstofu – Galli á Fimleikastiga áhaldafimleika karla

Fimleikastigi í áhaldafimleikum karla er ekki líkur því sem gerist kvennamegin eða í Code of Points og þar af leiðandi styður nýja mótakerfið ekki stigann. Jafnframt er það þannig að í Code of Points færðu alltaf D einkunnina þína en í fimleikastiga áhaldafimleika karla dregst E einkunn frá D einkunninni sem gerir það að verkum að keppandi getur fengið 0 í lokaekunn. Þessu þarf að breyta.

TK tók vel í að laga þrepin að mótakerfinu.

Tækninefnd karla tekur þetta málefni á fundi næsta þriðjudaq og kemur með tillögu til stjórnar.

7. Önnur mál

Evrópuleikar í Baku

Boð frá UEG um að við megum senda dómara á þeirra kostnað til Baku. Bara komið kvennamegin eins og er. Þurfum að senda nöfn dómara til UEG fyrir 3. desember.

Heimsókn stjórnar til félaga úti á landi

Lesið var upp gamalt bréf frá FFA þar sem m.a. kemur fram að félög á landsbyggðinni vilji fá heimsókn frá stjórn FSÍ.

Stjórn tekur þetta til sín og stefnir á heimsóknir út fyrir höfuðborgarsvæðið. Þarna er klárlega flötur fyrir vexti.

Skrifstofa gerir lista yfir félögin úti á landi og býr til raunhæfa áætlun og fjárhagsáætlun út frá því.

Afrekssjóður FSÍ

Taka þetta skrefinu lengra og búa til auglýsingu sem send er á félögin með umsóknarfresti o.s.frv. Vísa á heimasíðu þar sem hægt er að nálgast rafrænt form sem er svo sent á FSÍ.

Skrifstofa býr til umsóknarform og sendir út auglýsingu.

Fundi lauk kl. 20:20.